

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Snorragötu, Siglufirði, Fjallabyggð.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 13. nóvember 2013 breytingu á deiliskipulagi Snorragötu, Siglufirði, Fjallabyggð.

Breytingin varðar eingöngu lóð og byggingarreit lóðar nr. 7 við Snorragötu. Afmörkuð er stærri lóð utan um byggingarreitinn auk þess sem afmörkun og lega byggingarreits er lagfærð í samræmi við óskir lóðarhafa, byggt á hönnun fyrirhugaðrar hótélbyggingar og svæðis fyrir gufubað og heita potta.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Fjallabyggð, 14. nóvember 2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. nóvember 2013